



**Fundargerð stjórnarfundar 8. september 2011, Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldinn á skrifstofu Fjórðungssambands Vestfirðinga Árnagötu 2-4, Ísafirði, kl 09.00 og með aðstoð síma frá Reykhólum,**

Mætt voru Albertína Fr. Elíasdóttir, formaður og Ómar Már Jónsson, í síma voru Friðbjörg Matthíasdóttir (Bíldudal), Sigurður Pétursson (Reykjavík) og Sveinn Ragnarsson (Reykhólar) í forföllum Jón Jónssonar. Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri, sem einnig ritaði fundargerð.

Til fundarins var boðað með dagsskrá sem send var út með tölvupósti þann 6. september s.l.

Formaður upplýsti að Jón Jónsson, stjórnarmaður hefði ákveðið að sitja ekki fundinn á grundvelli vanhæfnisástæðna er vörðuðu 1. lið dagskrár, endurskoðun stoðkerfis atvinnu og byggðapróunar. Hann væri starfsmaður Menningarráðs Vestfjarða sem væri hluti stoðkerfisins. Stjórn tók til umræðu framangreind vanhæfissjónarmið og samþykkir afstöðu Jóns Jónssonar og að kallað verði eftir varamanni.

Gengið til dagskrár.

1. Endurskoðun stoðkerfis atvinnu og byggðapróunar. Skipan starfshóp.

Tekin til umræðu ákvörðun 56. Fjórðungspings Vestfirðinga, sem segir:

*Skoda skal sameiningu Fjórðungssambands Vestfirðinga, Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, Markaðsstofu Vestfjarða, Menningarráðs Vestfjarða og Vaxtarsamnings Vestfjarða, með það að markmiði að skapa stærri og öflugri einingu þar sem möguleikar eru á aukinni sérhæfingu starfsfólks. Einingin skal hafa eitt viðmót á öllum þremur starfsstöðvum.*

Rætt um skipan starfshóp og vinnu við verkefnið.

Samþykkt að skipa starfshóp sem verði skipaður sem hér segir: Albertína F Elíasdóttir frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Ómar Már Jónsson frá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða, Leifur Ragnarsson frá Menningaráði Vestfjarða, Sigurður Atlason frá Ferðamálasamtökum Vestfjarða og Arna Lára Jónsdóttir frá Vaxtarsamningi Vestfjarða. Vinna að verkefninu verði unnin af verkefnisstjóra Fjórðungssambands Vestfirðinga undir stjórn framkvæmdastjóra.

2. Eftirfylgni mála 56. Fjórðungspings Vestfirðinga.

- a. Sóknaráætlun landshluta, staða mála



Mætt til fundar Díana Jóhannsdóttir, verkefnisstjóri. Farið yfir samþykkt 56. Fjórðungsþings Vestfirðinga um forgangsröðun verkefna innan sóknaráætlunar landshluta, sem hér segir;

1. Sókn í samgöngum Vestfjarða
2. Auðlindasjóður
3. Virkjun í Hvalá
4. Undirbúningur framhaldsskóladeildar á Hól mavík
5. Umhverfissvottun Vestfjarða
6. Háskóli hafsins (sent inn undir nafninu „Haf og strönd“)
7. Efling Heilbrigðisstofnunarinnar á Patreksfirði

Skila þarf greinargerð og eyðublaði um fjárfestingaráætlun til fjármálaráðuneytis þann 9. september. Verkefnisstjóri og framkvæmdastjóri kynntu drög að efni greinargerða og framsetningu verkefna á eyðublaði.

b. Eftirfylgni ályktana

*56. fjórðungsþing Vestfirðinga haldið í Bolungarvík 2.-3. september 2011 fagnar þeirri ákvörðun iðnaðarráðherra og umhverfissráðherra að Hvalárvirkjun hafi verið sett í nýtingarflokk í þingsályktunartillögu um vernd og orkunýtingu náttúrusvæða. Um mikið hagsmunamál Vestfirðinga er að ræða og því gleðilegt að nú sé þessi virkjunarkostur loks að verða raunhæfur.*

Sent umhverfissráðuneyti, sem lið í umsögn í rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

*56. Fjórðungsþing Fjórðungssambands Vestfirðinga lýsir yfir ánægju með frumkvæði og vilja innanríkisráðherra, til þess að höggva á þann hnút sem skapast hefur vegna uppbyggingar Vestfjarðavegar 60 í Gufudalsssveit. Áformar ráðherra að tilkynna ákvörðun varðandi þennan vegakafli 9. september n.k. Fjórðungsþing leggur áherslu á að áhrif framkvæmda á samfélögin á sunnanverðum Vestfjörðum verði í forgangi og hvergi verði hvikað frá þeim markmiðum að koma á heilsárssamgöngum á láglandisvegi.*

Sent innanríkisráðuneyti.



*56. fjórðungsþing Vestfirðinga haldið í Bolungarvík 2.-3. september 2011 skorar á stjórnvöld að hefja nú þegar gerð stjórnsýsluúttektar á framkvæmd laga og reglugerða sem sett hafa verið um fiskeldi og skelrækt og auka þar með skilvirkni og gegnsæi í framkvæmd mála.*

Sent umhverfisráðuneyti

*56. fjórðungsþing Vestfirðinga haldið í Bolungarvík 2.-3. september 2011 skorar á Alþingi að tryggja að það auðlindagjald sem nú er innheimt af vestfirskum aflaheimildum og öll aukning þess renni til uppbyggingar atvinnulífs á Vestfjörðum. Auðlindagjaldið renni til rannsókna, nýsköpunar og í fjárfestingarsjóð fyrir vestfirskar byggðir.*

Sent forsætisráðuneyti, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.  
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

Rætt um verkefni sem ekki náðu inn í forgangsröðun sóknaráætlunar landshlutans. Formaður kynnti í ræðu sinni á 56. Fjórðungsþingi að þessi verkefni myndu einnig teljast sem hluti af verkefnum stjórnar næsta starfsárið. Framkvæmdastjóra falið að gera tillögu að forgangsröðun þeirra og leggja fyrir næsta fund.



3. Bréf Umhverfisstofnunar um drög að starfsleyfum Arnarlax og Fjarðarlax og um upplýsingar um nýtingu svæða í Arnarfirði.

Kynnt bréf Umhverfisstofnunar dags. 30. ágúst s.l.. Óskað er umsagnar FV varðandi drög að starfsleyfum fyrir kvíaldisstöðvar í Arnarfirði fyrir Arnarlax og Fjarðarlax . Einnig er óskað eftir upplýsingum, ef tiltækar eru, varðandi aðra starfsemi í firðinum. Framkvæmdastjóra falið að vinna svar í ljósi umræðu á fundinum.

4. Úrvinnsla umsóknar vegna rannsóknarstyrks, skipun starfshóps.

Í samræmi við úrvinnslu tillögu ríkisstjórnar frá 5. apríl s.l. um eflingu samstarfs mennta, rannsókna og fræðsetra á Vestfjörðum hefur FV auglýst styrki til þessa verkefnis. Lögð fram tilaga um skipun matsnefndar til að fara yfir umsóknir, sem hér segir; Arna Lára Jónsdóttir, verkefnastjóri NMÍ, Ásgerður Þorleifsdóttir, verkefnastjóri Atvest og Jón Jónsson menningarfulltrúi Vestfjarða.

5. Dagsetning stjórnarfunda

Samþykkt að boða til næsta fundar þann 27. september n.k.. Framkvæmdastjóra falið að gera tillögu að dagsetningu stjórnarfunda fram til áramóta.

6. Önnur mál.

- a. Rætt um samræmingu fundartíma sveitarstjórna. Framkvæmdastjóra falið að ræða við sveitarstjórnir um samræmingu dagsetningu funda sveitarstjórna í því augnamiði að flýta afgreiðslu sameiginlegra mála Vestfirðinga.
- b. Rætt um stöðu refaveiða, veiðistjórnun og verndun hagsmuna sveitarfélaga. Framkvæmdastjóra falið að leggja fram minnisblað, með hugmynd að tilraunarverkefni og sækja til umhverfisráðuneytis.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 11.00